

Hrísey 23. júní 2021.

Bæjarráð Akureyrar,
Stjórn Akureyrarstofu
Geislagötu 9
600 Akureyri

Ákveðið var á síðustu dögum að halda Hríseyjarhátíð 2021, búið er að skipuleggja dagskrá laugardaginn 10. júlí, fá skemmtilkrafta og fólk í undirbúning. Hátíðin verður styttri en áður en Garðakaffi sem verið hefur á föstudeginum fært yfir á laugardaginn. Við munum halda í gamlar hefðir og verða með varðeld og brekkusöng á laugardagskvöldið og verður mikil dagskrá fyrir börnin á hátíðarsvæðinu í umsjón ungmennafélagsins Narfa.

Við teljum það vera skyldu okkar að halda okkar striki á þessu ári því ekki var hægt að hafa hátíð á síðasta ári og höfum við hreinlega verið að drukkna í fyrirspurnum síðustu vikur. Það er einlæg ósk okkar að Bæjarráð og stjórn Akureyrarstofu sjái sér fært að styrkja hátíðina um sömu upphæð og undanfarin ár. Það er alveg ljóst að án ykkar stuðnings hefði ekki verið hægt að halda hátíðina.

Hátíðin hefur verið haldin óslitið (nema 2020) frá árinu 1997 og hafa skapast miklar og sterkar hefðir í kring um hana og var það samróma álit stjórnarinnar að halda í þessar hefðir og halda áfram að halda hátíðina.

Fyrirtæki í eyjunni eru helstu styrktaraðilar hátíðarinnar ásamt Akureyrarbæ og hafa þau hækkað framlag sitt töluvert á undanförunum árum. Það er okkar sannfæring að meiri metnaður og vinna verði lögð í skipulagningu og framkvæmd þegar fólk finnur að vinna þess er metin.

Með von um góðar undirtektir og bestu kveðju.

f.h. undirbúningsnefndar Hríseyjarhátíðar.

Linda María Ásgeirsdóttir.